

Fimmtudaginn 6. nóvember 1997.

Nr. 396/1997.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Rafni Benediktssyni

(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot. Þjáningabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Hrafn Bragason.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. september 1997 að ósk ákærða, sem krefst aðallega sýknu og frávísunar bótakröfu, en til vara ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar. Til þrautavara krefst ákærði breytingar til lækkunar á ákvörðun héraðsdóms um refsingu og bætur.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd, en ákvæði héraðsdóms um miskabætur og kostnað vegna lögmanna- aðstoðar staðfest.

Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi og dómi Hæstaréttar 5. júní 1997, en þá var dómur héraðsdóms frá 6. janúar 1997 ómerktur um annað en málskostnað og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Í dómi Hæstaréttar var einkum að því fundið, að ekki kæmi skýrlega fram í héraðsdóminum, hvort framburður kæranda og ákærða væri metinn trúverðugur.

Í hinum áfrýjaða dómi er mat á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dóminum á þann veg, að framburður stúlkunnar er talinn trúverðugur og styrkjast af sýnilegum sönnunargögnum og framburði vitna. Framburður ákærða er á hinn bóginn metinn ótrúverðugur og að sumu leyti fráleitur. Þegar til alls þess er litið, sem fram er komið í málinu og rakið er í héraðsdómi, þykja ekki vera efni til að vefengja sakarmat dómsins. Er þess þá jafnframt að gæta, að ákærði hafði ráð stúlkunnar algjörlega í hendi sér, þegar hann hafði ekið síðla nætur og gegn vilja hennar á afvikinn stað fjarri alfaraleið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest ákvörðun hans um refsingu ákærða.

Eins og málið liggur fyrir, verður að líta svo á, að í sýknukröfu ákærða felist andmæli gegn bótakröfu kæranda og fjárhæð hennar. Í bréfi lögmanns kæranda er krafist bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, samtals að fjárhæð 1.002.976 krónur, sem sundurliðast þannig, að krafa um þjáningabætur í fjóra daga samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 nemur 2.976 krónum, en miskabótakrafa eftir 26. gr. laganna 1.000.000 króna. Útreikningi fjárhæðar þjáningabóta er ekki mótmælt sérstaklega, og sá kröfuliður hefur að öðru leyti næga stoð í læknisfræðilegum gögnum. Ber því að taka hann til greina að fullu. Miskabætur vegna meingerðar ákærða gagnvart kæranda þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Verður ákærði því dæmdur til að greiða kæranda 402.976 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. september 1996 til greiðsludags, en bótakrafan var sett fram með bréfi 13. ágúst 1996. Ákvæði héraðsdóms um bætur vegna lögmannskostnaðar verður ekki haggð, en þeirri kröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Rafn Benediktsson, greiði X 402.976 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. september 1996 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1997.

Ár 1997, föstudaginn 19. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni,

héraðsdómara og dómsformanni, og samdómurum hans, Sigríði Ólafsdóttur og Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 829/1996: Ákærvaldið gegn Rafni Benediktssyni, sem tekið var til dóms 3. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. október 1996, á hendur Rafni Benediktssyni, Vesturbergi 78, Reykjavík, fæddum 8. nóvember 1968, fæðingarnúmer 495, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 18. júní 1996 í Heiðmörk með ofbeldi, fyrst inni í bifreið, neytt stúlkuna X, f. 1979, til að sjúga á sér getnaðarliminn og síðan hent stúlkunni út úr bifreiðinni og, þar sem hún lá á jörðinni, sett liminn aftur upp í stúlkuna og nuddað honum, þar til ákærða varð sáðlát, og að því loknu þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Pórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður gerir fyrir hönd K, f. 1952, og M, f. 1949, vegna ólöggráða dóttur þeirra, X, f. 1979, . . ., Reykjavík, þær kröfjur í málinu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., og 2.976 kr. í þjáningabætur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júní 1996 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. júní 1997. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða X málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 og sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi“.

Þess er að geta, að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar sl. var ákærði sýknaður af ákærunni og bótakröfu vísað frá dómi. Dóminum var áfrýjað, en hann var ómerktur í Hæstarétti 5. júní sl. og málinu vísað heim til nýrrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Með úrskurði 30. sama mánaðar viku dómara málsins sæti, og var dómsformanni úthlutað málinu 7. júlí sl.

Málavextir.

Priðjudaginn 18. júní 1996 kl. 18.30 leitaði X, . . ., hér í borg, til neyðarmóttökudeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur og sagði, að sér hefði verið nauðgað nóttina áður. Sagðist hún hafa þegið bílfar hjá manni, sem hefði boðist til þess að aka sér heim. Þess í stað hefði hann ekið með sig upp í Heiðmörk, stöðvað þar bílinn, rífið sig úr fötunum og hent sér út úr bílnum. Hefði hann sett lim sinn upp í munn henni og orðið sáðlát þannig. Þá hefði hann haldið henni og haft við hana samræði nauðuga. Að mati Ragnheiðar I. Bjarnadóttur læknis, sem rannsakaði stúlkuna, var hún kynþroska, en

fremur barnaleg útlits, líkust 14–15 ára stúlku. Stúlkan sagðist hafa verið hrein mey, þegar þetta gerðist, og leiddi læknisrannsókn í ljós mar á meyarhafti og smávegis blóðstorku á litlu burðarbörmunum, sem samrýmdist því. Í sýni, sem tekið var úr leggöngum stúlkunnar, fundust ekki sæðisfrumur, en aftur á móti fundust þar þekjufrumur og gerlar, sem eðlilegt er að finna í kynfærum kvenna. Við flúorskoðun fannst á vinstra læri stúlkunnar lítill „flúorskínandi“ blettur, sem reyndist innihalda flöguþekjufrumur af yfirborði hörunds. Ekki sást flúorskin í munni stúlkunnar. Þá voru á báðum upphandleggjum stúlkunnar utanverðum rauðir blettir með hita og eymslum í húð, sem samræmast því, að tekið hefði verið fast um handleggina. Að auki fannst á vinstra handlegg nýlegur marblettur rétt neðan við roðasvæðið, sem gat verið eftir þrýsting. Nærbuxur stúlkunnar voru teknar til rannsókna, og eins og venja er, var kynhár hennar kembt og samanburðarsýni tekið úr því. Auk hára, sem reyndust fíngerðari en kynhár stúlkunnar, fannst við þessa leit, annaðhvort í kynhárunum eða nærbuxum stúlkunnar, hluti af grasstrái. Í skýrslu Ragnheiðar lækni kemur fram, að stúlkan hafi verið „mjög lítill í sér“, setið í hnipri, átt erfitt með að tala um atburðinn og sagt fátt um hann að fyrra bragði. Hafi hún viljað hafa fátt fólk viðstatt og t. d. ekki sagt frá því, að maðurinn hefði felld sæði í munn henni, fyrr en þær voru orðnar tvær einar. Stúlkan hafi verið fól og þreytuleg, með hroll og stutt í grátinn hjá henni.

Fram hefur komið, að ákærði framleiðir ekki sæði vegna sjúkdóms, sem hann fékk um tvítugt, en aftur á móti sæðisvökva.

X kærði atburðinn til rannsóknarlögreglu um kvöldið, og leiddi það til lögreglurannsóknar og málshöfðunar. Verður nú gerð grein fyrir skýrslum ákærða og vitna í aðalmeðferð málsins 3. september sl.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi farið niður í bæ um hálftröleytið um nóttina. Hafi hann sest í tröppurnar við Reykjavíkurapótek. Þar hafi þá komið að þrjár „stelpur“, þ. á m. X, og sest hjá honum. X hafi verið aðeins drukkin og talað mikið. Hún hafi sagt, að einhver, strákur eða stelpa, ætlaði að koma og lemja hana eða eitthvað því um líkt. Hafi mikið gengið á fyrir þessum krökkum. Hann kveðst hafa boðið stúlkunum að aka þeim heim og þær tekið vel í það. Hafi þau gengið af stað og að bílnum, sem hafi staðið í Bankastræti. Hinar tvær hafi ákveðið að snúa við á ljósunum í Lækjargötu, en X haldið áfram með sér. Hann segist hafa ekið með hana aðeins um miðbæinn og síðan upp í Fellahverfi í Breiðholti og áfram inn Austurberg. Þar hafi hún að eigin frumkvæði farið að leita á sig í bílnum. Hafi hún tekið um getnaðarliminn á sér og sett upp í sig. Segir hann sér ekki hafa orðið sáðfall í munn stúlkunni. Ákærði kveðst hafa ekið inn á bílastæðið við

heimili sitt í Vesturbergi og ætlað að bjóða henni inn. Hafi stúlkan verið til í það. Eftir smá-umhugsun hafi hann ákveðið að hætta við það, því að sam-býliskona sín hafi verið erlendis og hann ekki kunnað við það að hafa hana með sér inn. Hann hafi því ekið út af bílastæðinu og sem leið lá upp í Heið-mörk. Þegar þangað kom, hafi hún lagt niður sætisbakið og sest upp á það með fætur í stólsessunni og byrjað að klæða sig úr. Hún hafi verið í stórum klossum, uppháum, og fötin ekki komist yfir pá. Hafi hann hjálpað henni úr þeim og farið sjálfur úr bol og buxum eða nærri því. Hafi þau svo haft kyn-mök í bílnum og sér orðið sáðfall í leggöng stúlkunnar. Hann hafi engum hótunum beitt til þess að hafa við hana mök. Að þeim loknum kveðst hann hafa fært sig yfir í bílstjórásætið og þau klætt sig alveg inni í bílnum. Eftir það hafi þau farið út úr bílnum um stund og fengið sér að reykja. Ákærði kveðst ekki geta skýrt það, sem sá á handleggjum stúlkunnar. Hann segist ekki hafa orðið var við það, að stúlkan væri hrein mey. Hann kannast ekki við að hafa hrint henni út úr bílnum eða haft mök við hana utan bílsins.

Vitnið X hefur skýrt frá því, að hún hafi verið með vinkonum sínum í miðbænum umrædda nótt og þær verið búnar að drekka eitthvað smávegis af áfengi. Klukkan hafi verið orðin margt og þær farið að hugsa til heimfar-ar. Hafi þær verið að labba í bænum og þá hitt mann, ákærða í máli þessu, sem bauðst til að aka þeim heim. Þær hafi þegið það og gengið með honum í átt að bílnum. Þegar þangað kom, hafi vinkonurnar ekki lengur viljað fara með og ákveðið að vera lengur. Sig hafi langað heim og því farið með hon-um ein. Þau hafi ekið af stað og komið við einhvers staðar í Skeifunni fyrst, þar sem hann hafi sýnt sér, hvar hann væri að vinna. Hún hafi beðið hann að aka áfram heim til hennar og hann ekið áfram upp í Vesturberg og num-ið staðar hjá heimili sínu og boðið henni inn. Hún hafi ekki viljað það og verið orðin svolítið hrædd og beðið hann að aka sér strax heim til vinkonu sinnar og hann samþykkt það og ekið af stað. Hann hafi hins vegar ekið í aðra átt, þ. e. í áttina að Heiðmörk, en hún sífellt sagt honum að snúa við. Hann hafi alltaf dregið það og sagt: „Næst, næst“. Hann hafi svo ekið inn í Heiðmörk og beygt niður hliðarveg, þar sem var gras, og numið þar staðar. Hann hafi losað af sér beltið og teygt sig yfir hana og ætlað að kyssa hana, en hún ekki viljað það og reynt að ýta honum í burtu. Hann hafi byrjað að káfa á sér, en hún sífellt reynt að ýta honum burtu og reynt að komast út. Hann hafi þá haldið sér og sagt sér að klæða sig úr fötunum, en hún sagst ekki vilja það. Þá hafi hann öskrað á sig og skipað sér að klæða sig úr föt-unum. Á endanum hafi hún ekki þorað að gera annað og hann klætt hana úr. Hafi hann sett stólbakið niður og klætt sig úr fötunum og sest upp á hana og látið hana sjúga á sér typpið smástund. Svo hafi hann opnað bíl-

dyrnar, ýtt sér út og niður á grasi vaxna jörðina, sest ofan á sig og gert það sama við sig þar. Hafi honum orðið sáðlát í munn hennar. Eftir það hafi hann reynt að stinga limnum inn í leggöngin smástund. Hún viti ekki, hvort honum tókst að koma limnum alla leið inn, því að hún hefði aldrei kennt karlmanns áður. Hún hafi kennt sársauka við þetta. Hann hafi svo sett liminn til skiptis í munn hennar og í leggöng, en ekki haft sáðlát í þau. Hún segir ákærða hafa haldið sér allan tímann, meðan á þessu gekk, og alltaf, þegar hún ætlaði að snúa höfðinu undan, hafi hann haldið í hár sér eða ýtt við því og haldið sér þannig, að hún gat ekki snúið sér undan. Hann hafi einnig haldið um upphandleggina á sér. Hún segist hafa grátið og öskrað við þessar aðfarir, en ákærði þá alltaf sagt sér að þegja. Hann hafi svo hætt og sagt, að hún mætti klæða sig, og hún þá farið inn í bílinn og klætt sig. Síðan hafi hann ekið af stað og hún beðið hann að keyra sig heim til U, vin konu sinnar, í Krosshömrum. Stúlkan hefur sagt, að hún hafi verið búin að vera smávegis með pilti, en aldrei viljað „gera það með honum“, heldur ætlað að bíða, þangað til hún væri tilbúin til þess.

Vitnið U, sem var stödd í miðbænum með X og annarri stúlku, Þ, þessa nótt, hefur skýrt frá því, að X hafi ætlað að fara heim til sín, af því að einhverjar stelpur voru eitthvað að skaprauna henni. Þær hafi þá hitt þennan strák og ætlað að þiggja far með honum upp í Grafarvog, þar sem vitnið á heima. Þær Þ hafi svo hætt við þetta og ætlað að vera aðeins lengur. X hafi þá farið ein með manninum. Um morguninn hafi X svo komið heim til hennar með tárin í augunum og næstum því grátandi. Hafi hún sagt, að sér hefði verið nauðgað og þessi strákur gert það. Hún hafi sagt, að hann hefði ekið með hana upp í Breiðholt og ætlað að bjóða henni inn til sín, en hún ekki viljað það og viljað fara heim til vitnisins. Þá hefði hann ekið upp í Heiðmörk, en alltaf sagst ætla að snúa við. Hún hafi verið orðin hrædd. Hann hafi ekið inn í útskot, eins og hann ætlaði að snúa við, en haldið svo áfram þar inn og numið staðar. Hann hefði sagt henni að klæða sig úr, annars myndi hann meiða hana eða eitthvað. Hún hafi ekki þorað annað og gert það. Þá hefði hann hent henni út úr bílnum og nauðgað henni þar „og eitthvað migið framan í hana og látið hana totta sig og eitthvað svona“. Síðan hefði hann ekið henni heim til vitnisins.

Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur hefur haft X til meðferðar, eftir að atburðurinn gerðist. Í vottorði hennar frá 13. maí sl., sem gefið var, eftir að stúlkan hafði komið fimm sinnum í viðtal og foreldrar hennar auk þess einu sinni, segir, að hún sé mjög lokuð og eigi erfitt með að tala um líðan sína. Hún dylji vel tilfinningar sínar, en um leið og minnst sé á atburðinn, „frjósi“ hún og sýni augljós merki um mikla vanlíðan. Virðist hún ennþá

vera í losti að einhverju leyti. Hún verði fól og stíff í andliti, þegar talið berist að nauðguninni, og eigi erfitt um mál, en tali í stuttum setningum og með rykkjum. Hún nái þó að lýsa hræðslu sinni við að deyja, meðan á þessu stóð, og segi frá því, að hún verði ennþá yfirkomin af hræðslu og reiði við það að sjá götuna, þar sem gerandi býr. Hún skýri frá reiðiköstum, óstöðugri líðan og doða. Hafi stúlkan haldið í þá von, að ef hún ræddi ekki um þetta, yrði sársaukinn minni og atburðurinn félli í gleysku. Hún hafi reynt að gleyma þessu, en það hafi auðvitað ekki tekist. Hún loki sig af og verði afskiptari gagnvart umhverfi sínu, og brjótist vanlíðanin út í reiðiköstum. Henni hafi gengið illa að einbeita sér í námi, hætt í fimleikum, sem hún hafi stundað í mörg ár, og sé utan við sig og þungt í skapi. Stúlkan hafi átt mjög erfitt með að ræða við sína nánustu um það, sem gerðist, og segist ekki vilja íþyngja þeim með því, þau hafi nægar áhyggjur af henni samt. Það beri á töluverðri sektarkennd hjá henni af því að hafa þegið far með ókunnugum manni. Auðsjáanlega hafi stúlkan mikið kvalið sjálfa sig með því að velta fyrir sér, hvort hún hefði getað komið í veg fyrir árásina eða reynt að berjast í stað þess að lamast af hræðslu, eins og hún hafi lýst. Einnig finni hún til reiði og vanmáttar gagnvart geranda.

Í vottorðinu kemur enn fremur fram, að lögd hafi verið kvíða- og þunglyndispróf fyrir stúlkuna. Hafi komið í ljós, að hún sé mjög kvíðin, sem lýsi sér í hröðum hjartslætti og vanka. Hún geti ekki slakað á, fái hitatilfinningu, skjálfta í hendur, hræðslu, magaverki og meltingartruflanir, svitaköst og sé haldin ótta við að deyja. Þetta séu frekar alvarleg kvíðaeinkenni og komi oft í kjölfar þungra áfalla, sem viðkomandi eigi erfitt með að vinna úr. Þunglyndiseinkenni séu einnig, sem lýsi sér í martröð, lífsleiða, einmana-leika, depurð og leiða. X eigi langt í land með að ná sér andlega, og vafalaust hafi þetta áfall sett varanleg merki á sálarlíf hennar. Sé í raun ógerlegt að ímynda sér þann sálræna skaða, sem þessi óhugnanlega reynsla hafi haft í för með sér. Hafa beri í huga, að fyrir atburðinn hafi stúlkan verið óreynd í kynlífi, stundað fimleika og félagslíf og lifað frekar vernduðu, áhyggjulausu lífi að eigin sögn og foreldra. Nú sé hún einbeitingarlaus í námi, þung í skapi og reiðigjörn. Hún sé vör um sig, tortryggin og hrædd við að tjá sig og hrædd við spurningar sálfræðingsins og eftirgrennslanir, haldin sektarkennd, kvíða og depurð.

Sálfræðingurinn hefur komið fyrir dóm og kveður stúlkuna nú vera rólegri en hún hafi verið í vor og virðast eiga örlítið auðveldara með að ræða það, sem gerðist, enda sé atburðurinn orðinn aðeins fjarlægari. Þá hafi hún ákveðið að byrja aftur í fimleikum.

Niðurstaða.

Frásögn stúlkunnar er greinargóð og trúverðug og í samræmi við áverka, sem hún bar. Ekkert hefur komið fram, sem bendi til þess, að stúlkan hafi hlotið áverkana á handlegg, áður en hún fór í bílinn með ákærða eða eftir atburðinn. Þá styrkir fyrrnefnt grasstrá frásögn hennar um, að samfarið hafi orðið á jörðinni við bílinn. Skýrslur Ragnheiðar I. Bjarnadóttur læknis og Þórkötu Aðalsteinsdóttur sálfræðings um áfallið, sem stúlkan varð fyrir og ber enn merki um, þykja styrkja mjög frásögn hennar. Loks rennir skýrsla U, sem X hitti fyrst eftir atburðinn, á sama hátt stöðum undir hana.

Frásögn ákærða um það, hvernig stúlkan hafi leitað á hann í bílnum, verður að telja fráleita í ljósi ungs aldurs hennar, reynsluleysis og afstöðu til kynlífs. Þá rekst frásögn hans í veigamiklum atriðum á hin sýnilegu sönnunargögn í málinu og þykir almennt ekki vera trúverðug. Þykir verða að hafna henni og treysta framburði stúlkunnar. Telst ákærði vera sannur að því að hafa framið það athæfi gagnvart stúlkunni, sem lýst er í ákæru, og brotið það lagaákvæði, sem þar greinir.

Refsing, skaðabætur og málskostnaður.

Ákærði var dæmdur í eins árs fangelsi fyrir tryggingarsvik og tengd brot í september 1996. Refsing hans verður því hegningarauki við þann dóm. Ber að tiltaka hana með hliðsjón af því, að ákærði braut hrottalega gegn ungri og óreyndri stúlku og að verknaður hans er til þess fallinn að valda henni miklum þjáningum. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

X gerir kröfu um bætur vegna þjáninga og miska, samtals 1.002.976 krónur ásamt vöxtum, eins og greinir í ákæru. Af hálfu ákærða hafa ekki komið fram andmæli eða verið gerðar athugasemdir við bótafjárhæð, en þess einvörðungu krafist, að bótakröfu verði vísað frá dómi, enda verði sýnukrafa ákærða af nauðgunarákæru tekin til greina. Með vísan til þess, að sannað þykir, að ákærði hafi með ofbeldi neytt stúlkuna til holdlegs samræðis við sig, svo sem lýst hefur verið í dóminum, má fallast á, að henni beri bætur vegna þess miska, sem hún varð fyrir við það. Stúlkan var reynslulaus á sviði kynlífs, þegar atburðurinn varð, tæplega sautján ára að aldri, og er áhrifum hans lýst víða í skjölum málsins, einkum í álitsgerð Þórkötu Aðalsteinsdóttur sálfræðings. Er ljóst, að atburðurinn hefur markað djúp spor í sálarlíf hennar auk hinna líkamlegu áverka. Með því að andmæli hafa ekki komið fram gegn kröfufjárhæð, verður bótakrafa tekin til greina að fullu, og ber að gera ákærða að greiða X 1.002.976 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júní 1996 til greiðsludags.

Samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til að greiða X bætur fyrir kostnað vegna lögmannaðstoðar, sem þykir hæfilega

ákveðinn 50.000 krónur, auk dráttarvaxta frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rafn Benediktsson, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði X 1.002.976 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 18. júní 1996 til greiðsludags. Þá greiði ákærði X einnig 50.000 krónur í bætur fyrir kostnað vegna lögmannsaðstoðar ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.
